

Fundargerð 137. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 24. október 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Svanur Gunnsteinsson, Agnar Ólason og Andrés Bjarnason.

Fjarfundur: Guðni Þór Elisson.

Dagskrá :

1. Skoðunarferð á Stórhöfða 29 og 31.
2. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM.
3. Húsnæðismál.
4. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.
5. Orlofsmál.
6. 6 mánaða uppgjör.
7. Yfirlit frá bönkum.
8. Önnur mál.

1. Skoðunarferð á Stórhöfða 29 og 31

Gengið var yfir á Stórhöfða 31 og breytingarnar á húsnæðinu hjá þeim skoðaðar, síðan var farið yfir á nr. 29 og húsnæðið skoðað.

2. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM

Undirritaðar voru fundargerðir nr. 134, 135 og 136.

3. Húsnæðismál

Formaður fór yfir teikningar af Stórhöfða 29, allar hæðir. Á aðalfundi var samþykkt að fara í að kaupa 3. og 4. hæðirnar því þá voru hinar ekki í boði en bókað var að þegar og ef við myndum kaupa þá færum við fram á forkaupsrétt af öllu húsinu. Nú stendur okkur til boða að kaupa jarðhæð og 1. hæð og jafnvel allt húsið. Formaður lagði því fyrir stjórn hvort kaupa ætti 3. og 4. hæðirnar, jarðhæð og 1. hæð eða þá allt húsið. Miklar umræður voru um þetta og mjög skiptar skoðanir. Að lokum gerði hver og einn stjórnarmaður grein fyrir sinni skoðun. Málið fór þannig að samþykkt var að kaupa 1. hæð og jarðhæð og óska eftir forkaupsrétti af rest. Einn var á móti

4. Verkefni haustsins

Formaður fór yfir það sem er í gangi þessa dagana. Búið er að gera samning fyrir fraktskipin og er sá samningur núna í kynningu og atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslu lýkur á miðnætti 7. nóv. og

niðurstaðan verður tilkynnt á hádegi daginn eftir. Teljum okkur vera búin að landa samningi hjá HS orku, fundur á morgun og vonandi skrifað undir þá. Samningur við Landsvirkjun er á loka metrunum. Framundan er að semja fyrir Gæsluna og Hafró, sanddæluskip, sveitarfélög og Faxaflóahafnir.

5. Orlofsmál

Búið er að selja Hraunborgir og húsin á Kirkjubæjarklaustir, öll húsin voru seld með innbúi og samtals fengust um 33 milljónir fyrir húsin. Orlofsnefndin fundaði í gær og talað var um að mikilvægt væri að fara í svona skoðunarferðir eins og þeir í nefndinni hefðu gert. Orlofsnefndin þarf að setjast niður og gera áætlun um viðhald á öllum stöðum, gera svo 5 ára áætlun sem síðan verður lögð fyrir stjórn.

6. 6 mán. uppgjör

6 mánaða staðan í félagssjóði var lögð fram til upplýsingar.

7. Yfirlit frá bönkum

Yfirlit yfir fjárvörslu fyrstu 9 mánuði ársins var lagt fram til upplýsinga.

8. Önnur mál

- Formaður lagði fram bréf frá Samhjálp þar sem óskað er eftir styrk fyrir jólin. Ákveðið var að hafna beiðninni en styrkja Hjálparstarf kirkjunnar um 300 þús. og SÁÁ um 200 þús. fyrir þessi jól eins og þau síðustu.
- Rætt var um furðuleg vinnubrögð hjá Samgöngustofu. Samgöngustofa skerðir áður útgefin réttindi þegar menn endurnýja skírteinin sín. Menn sem voru með full réttindi eru allt í einu með skerðingu á réttindum sínum, getur ekki verið löglegt. Formaður sagði að þetta yrðum við að skoða, sjá hvernig hin norðurlöndin eru að gera þetta og hann ætlar líka að ræða þetta við lögmann félagsins til að kanna hvort Samgöngustofu sé hreinlega heimilt að gera þetta.

Fundi slitið kl. 15:30